

## Punkturinn 8. tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

Á síðustu dögum Alþingis fyrir jólaleyfi var afgreiddur nokkur fjöldi frumvarpa sem varð að lögum. Það sem varðar einstaklinga og lögaðila mestu er hækkun skatta.

Með tilfærslu ríkisins á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga hefur orðið breyting á skattprósentu milli ríkis og sveitarfélaga þar sem útsvarið hefur hækkað en tekjuskatturinn lækkað um sömu tölu.

Í þessum síðasta Punkti ársins er farið yfir helstu breytingar á sköttum og gjaldtöku, þótt ekki séu þær tæmandi.

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte óskar lesendum Punktsins árs og friðar.

- **Nokkrar breytingar í bandormi, bæði réttarbót fyrir gjaldendur og auknar heimildir til skatteftirlits.** Sjá nánar umfjöllun bls. 2.
- **Nýr skattur á fjármálafyrirtæki, 0,041% af skuldum í árslok. Kemur til framkvæmda við álagningu 2011.** Sjá nánar umfjöllun bls. 3.
- **Fyrningartími krafna við gjaldþrotaskipti er nú tvö ár.** Sjá nánar umfjöllun bls. 3.
- **Ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt með það að markmiði að bæta skil og auka eftirlit, auk undanþágu á þjónustu gagnavera til erlendra aðila.** Sjá nánar umfjöllun bls. 3.
- **Auknar álögur á lögaðila og einstaklinga með hækkun á skattprósentu.** Sjá nánar umfjöllun bls. 4.
- **Frumskilyrði fyrir yfirfærslu skattskylds söluhagnaðar sem myndast í einstaklingsrekstri til einkahlutafélags, sem stofnað er um reksturinn, er að um atvinnurekstur sé að ræða.** Sjá nánar umfjöllun bls.4.
- **Varnarmálastofnun sýknuð af kröfum Orkubús Vestfjarða ohf. um ógreiddan virðisaukaskatt, þar sem stofnunin var samkvæmt varnamálalögum undanþegin greiðslu virðisaukaskatts.** Sjá nánar umfjöllun bls. 4.
- **Íslenska ríkið sýknað af kröfu um riftun á greiðslu virðisaukaskatts, þar sem innheimtumaður var talin grandlaus um beiðni um gjaldþrotaskipti.** Sjá nánar umfjöllun bls. 4.



## Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

### Tekjuskattur ríkisins og tekjustofnar sveitarfélaga; útsvar hækkar og tekjuskattur lækkar

*Nokkrar breytingar í bandormi, bæði réttarbót fyrir gjaldendur og auknar heimildir til skatteftirlits.*

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma varðandi tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010 var útsvarshlutfall sveitarfélaga hækkað um 1,2% og tekjuskattshlutfall ríkisins var lækkað að sama skapi.

### Frekari skattaávilnanir vegna eftirgjafar skulda rekstraraðila

Lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri var gert heimilt að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 hluta eftirgjafar skulda sem er umfram yfirfærana rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu að teknu tilliti til skilyrða sem sett eru í ákvæðinu. Að loknu þessu fimm ára tímabili eða í árslok 2014 er heimilt að færa þann hluta eftirgjafarinnar sem ekki hefur verið mætt með tapi og er umfram 500 millj. kr. til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019, en sé eftirgjöf þannig metin 500 millj. kr. eða lægri fellur hún niður.

### Rýmkuð úrræði til greiðsluuppgjör á gjaldföllum skattskuldum fyrri ára

Í fyrsta lagi var nógildandi úrræði um greiðsluáðlögun gert að ná til lögaðila og einstaklinga sem hafa verið í atvinnurekstri þegar sótt er um frest til greiðsluuppgjör. Í annan stað fólst rýmkunin í því að tollstjóra hefur verið veitt heimild til að fella niður hluta af tekjuskatti lögaðila sem fallið hefur í gjalddaga fyrir 1. janúar 2010 að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Lögin fela í sér einskiptis aðgerð þannig að umsækjandi fær heimild til að greiða eldri vanskil með útgáfu vaxtalaus skuldbréfs til fimm ára gegn því að opinber gjöld sem gjaldfalla á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. júlí 2011 séu í skilum.

### Takmarkanir á breytingu skulda í hlutafé

Í bráðabirgðaákvæði nógildandi tekjuskattslaga er fjallað um tilfelli þar sem kröfuhafi tekur

hlutafé í skuldsettu félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar. Í nefndaráli frá meiri-hluta efnahags- og skattanefndar kom fram að túlkun ákvæðis um umbreytingu krafna í hlutabréf hafi verið nokkuð óljós og sneri óvissan helst að því hvort breyting kröfu í hlutafé skuli í öllum tilfellum talin fullnaðargreiðsla kröfunnar og eins sneri hún að tilfellum þar sem krafan hefur verið keypt af þriðja aðila á lægra verði en hún sé skráð á í bókum skuldans. Í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um túlkun ákvæðisins var gerð breyting á lögunum sem gerir ráð fyrir að aðilar geti samið um gagnkvæma niðurfellingu kröfu áður en greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Jafnframt kemur fram að þegar skipt er á kröfu og hlutafé skuli fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og matsverðið skuli miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Umrætt mat skal gert af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram milli eignatengdra aðila. Er síðan tiltekið að skuldara beri að tekjufæra hjá sér mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Eins er tiltekið að kröfuhafa beri eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins.

### Bein heimild skattrannsóknarstjóra til að krefjast úrskurðar um leit og haldlagningu á heimilum

Heimildir skattrannsóknarstjóra voru auknar í þeim tilgangi að einfalda og hraða málsmeðferð gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar. Felast heimildirnar í því að skattrannsóknarstjóri ríkisins getur sjálfur leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á einkaheimilum eða á öðrum þeim stöðum sem heimildir skattalaga taka ekki til. Tóku ákvæðin þegar gildi og taka jafnt til þeirra mála rannsókn er þegar hafin í sem og þeirra sem verða tekin til rannsóknar.

### Gengishagnaður tekjufærður við úttekt

Lög um tekjuskatt var breytt á þann veg að gengishagnaður á innlánsreikningum í erlendri mynt og af erlendum kröfum verði tekjufærður við úttekt af reikningi. Var þannig horfið frá því að áfallinn óinnleystur gengishagnaður teljist til tekna. Gildistaka miðuð við 1. janúar 2011.

### Sama meðferð söluhagnaður íbúðarhúsnæðis í dánarbúi og almennt

Sú réttarbót var jafnframt gerð, í tengslum við meðferð á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði, á

þann hátt að meðferðin er nú sú sama hvort sem sala íbúðarhúsnæðis fer fram úr dánarbúi eða eftir skipti dánarbús og þá af hálfu erfingjanna sjálfra.

### Skattlagningu frestaðrar tekjufærslu frestað (heimildarákvæði)

Sambykkt var að heimila tekjufærslu á frestuðum tekjufærslum þannig að hægt verður að færa þær til tekna á næstu þremur árum í stað þess að frestfjárhæðin færist til tekna í einu lagi í skattframtali 2011 eins og lögin gerðu ráð fyrir.

### Frádráttur vegna nýsköpunar afnumin

Frádráttur vegna nýsköpunar sem nýlega var samþykktur var afnumin.

### Staðgreiðsla arðs miðast við greiðslu

Afdráttur staðgreiðslu af arði í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur var skýrður nánar þannig að ljóst er að skylda til afdráttar skapist þegar arðurinn er greiddur.

### Ekki heimild til samsköttunar félags í slitameðferð

Sú breytingu var gerð á ákvæði 55. gr. tekjuskattslaga, sem fjallar er um samsköttun, að heimild til samsköttunar með félagi falli niður sé félagið tekið til gjaldþrotameðferðar og sæti slitameðferð. Er ætlunin með ákvæðinu að kveða skýrar á um að sú heimild sem veitt er til samsköttunar hlutafélaga og einkahlutafélaga falli niður þegar eiginlegum atvinnurekstri og störfum hefðbundinnar félagsstjórnar, þ.m.t. hluthafa, telst lokið vegna gjaldþrots eða slitameðferðar.

### Heimild til endurupptöku mála aðeins liðkuð

Liðkað var örlítið til við framkvæmd endurupptöku mála, en orðin „sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 101. gr. laganna voru felld brott. Ekki var gengið lengra þótt nauðsyn sé á slíku.

## Ný lög um sérstakan skatt á fjármála-fyrirtæki

*Nýr skattur á fjármálafyrirtæki, 0,041% af skuldum í árslok. Kemur til framkvæmda við álagningu 2011.*

Á Alþingi hafa verið samþykkt lög þess efnis að fjármálastofnanir greiði sérstakan skatt sem nemur 0,041% af heildarskuldum skattskylds aðila í lok tekjuárs. Heildarskuldir, eru skuldir sbr. 75. gr. laga um tekjuskatt, eins og þær eru skilgreindar á skattframtali. Skatturinn telst ekki til rekstrarkostnaðar og því ekki frádráttarbær sem slíkur.

Skattskyldan nær til fyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður og lána-fyrirtæki og til annarra aðila sem fengið hafa leyfi til að taka við innlánunum. Skattskyldan tekur einnig til útibúa erlendra fjármála-fyrirtækja sem taka við innlánunum eða hafa sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lána-fyrirtæki. Undanþegin skattálagningunni eru fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila og fyrirtæki sem sæta slitameðferð skv. 101. gr. laga um fjármála-fyrirtæki.

Markmið laganna eru tvíþætt. Annars vegar eiga þau að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins. Hins vegar eiga þau að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra, vegna þeirrar kerfis-áhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættu-söm starfsemi fjármálafyrirtækja getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið. Við gerð laganna var horft til framkvæmdar í Bretlandi og Svíþjóð, en í síðarnefnda landinu hefur verið innleitt samskonar gjald á fjármálafyrirtæki, þó framkvæmdin þar sé nokkuð ólík þeirri íslensku.

Lögin koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs. Er því um afturvirka skattlagningu að ræða sem er í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem skýrt er kveðið á um að engan skatt skuli leggja á, nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

## Lög um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum - fyrningafrestur

*Fyrningartími krafna við gjaldþrotaskipti er nú tvö ár.*

Á Alþingi hafa verið samþykktar breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskipti og ekki fengist greidd við þau, þá er fyrningu slitið gagnvart þrotamanni. Byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að liða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þó kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið á ný ef kröfuhafi höfði mál innan fyrningarfrests, á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á slitum fyrningar gagnvart honum. Slíka viðurkenningu má aðeins veita með dómi, en þá þarf kröfuhafi að sýna fram á tvö veigamikil atriði, annars vegar að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningu og hins vegar að líkur séu á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu kröfunnar.

Ef kröfuhafi hefur fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en tveggja ára fyrningarfresturinn er á enda, þá fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna tryggingarréttindanna.

Lögin gilda um kröfur við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laganna fyrnast kröfur, sem þar fengust ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími standi eftir af fyrningarfresti. Fyrningu þessara krafna verður aðeins slitið eftir þeim reglum sem hér hefur verið fjallað um.

## Breytingar á lögum um virðisaukaskatt, rafræn þjónusta og eftirlit vegna áætlana

*Ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt með það að markmiði að bæta skil og auka eftirlit, auk undanþágu á þjónustu gagnavera til erlendra aðila.*

Alþingi hefur samþykkt ýmsar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Megintilgangur breytinganna er að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts, auk þess að bregðast við þeirri þróun sem orðið hefur vegna rafrænnar þjónustusölu.

Samkvæmt lögum hækka mörk þeirrar fjárhæðar sem er undanþegin skattskyldu, úr kr. 500.000 í kr. 1.000.000.

Jafnframt er ríkisskattstjóra heimilt að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattskrá, liggja fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju ári síðast liðin þrjú tekjuár á undan umsókn um skráningu.

Vegna þróunar á tækniumhverfi er skilgreint hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Er kveðið á um það að rafræn þjónusta teljist ávallt nýtt erlendis, þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Ef rafrænt afhent þjónusta er nýtt, telst hún ekki til skattskyldrar veltu á Íslandi, en ef rafræn þjónusta er keypt erlendis frá og hún nýtt hér á landi, þá ber að skila virðisaukaskatti af þeim kaupum í ríkissjóð. Með lögum kemur inn ný grein þar sem þjónusta gagnavera er felld undir hugtakið rafrænt afhent þjónusta og falli þar af leiðandi undir skilgreiningu undanþágunnar. Telst því slík starfsemi undanþegin virðisaukaskatti, ef þjónustan er nýtt erlendis.

Nýr málsliður kemur inn í 1. mgr. 16. gr. laganna um að heimild til innskattsfrádráttar verði bundin því skilyrði að viðsemjandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað.

Þá er nýmæli í grein 27-A, þar sem ríkisskattstjóra er heimilað að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá sem sæta áætlun samfellt í tvö ár eða lengur. Þegar viðkomandi hefur staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti fyrir þau uppgjörstímabil sem áætluð hafa verið, þá ber honum að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k.

tvö ár. Einnig verður nýskráðum eða endurskráðum aðilum gert að haga uppgjörstímabili með þessum hætti, hvort sem um einstakling eða félag er að ræða, ef eigandi félags, framkvæmdarstjóri eða stjórnarmaður þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum.

Í nýju lagaákvæði grein 27-B, verður lagt á sérstakt gjald, að upphæð kr. 5.000, fyrir hverja virðisaukaskattskýrslu sem ekki verður skilað á réttum tíma. Ríkisskattstjóra er falið að meta það í hvert sinn ef veita á undanþágu frá þessu gjaldi.

Að lokum er með bráðabirgðaákvæði X gildistími vegna heimildar á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hóp-bifreiða lengdur til 31. desember 2011, að uppfylltum öðrum skilyrðum. Þá er tímalengd á niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu vegna vetnisbíla framlengdur til 31. desember 2011. Endurgreiðsla vegna vinnu manna við byggingu íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis sem og við endurbætur og viðhalds þess konar húsnæðis er framlengd til 1. janúar 2012.

### Ný lög, Bandormur með hækkun skattprósentu í mörgum lögum

*Auknar álögur á lögðila og einstaklinga með hækkun á skattprósentu.*

Á síðustu dögum þingsins fyrir júl 2010 samþykkti Alþingi lög í svokölluðum bandormi, þ.e. breytingar á mörgum lögum voru lögð fram í sama frumvarpi. Hér urðu breytingar á samtals 16 lögum sem í öllum tilvikum fólu í sér nokkra hækkun á sköttum eða breytingar sem leiða eiga til aukinnar skatttekna ríkissjóðs.

Ber fyrst að nefna að **fjármagnstekjur** hækka úr 18% í 20%. Með þessari hækkun hefur þessi skattur hækkað um 100% á s.l. tveimur árum. Sama hækkun er á **tekjuskatti** lögðila sem frá 1. janúar 2011 greiða 20% skatt af sínum hagnaði. **Auðlegðarskatturinn** er festur í sessi með breytingum á bráðabirgðaákvæði XXXIII. Þar er kveðið á um að lækka frímark auðlegðarskattstofns úr 90 milljónum króna í 75 milljónir króna fyrir einstakling og samtals 100 milljónir króna fyrir hjón, úr 120 milljónum. Samhliða er skattprósenta hækkuð í 1,5%.

Af öðrum lögum þar sem hækkun skatts var staðfest má nefna **erfðafjárskatt** sem hækkar

úr 5% í 10%, en ítarlega var greint frá því frumvarpi í 6. tbl. Punktsins í október s.l. Þá eru nokkrar breytingar á **kilómetra og oliugjaldi** ásamt hækkun á vörugjaldi á eldsneyti.

Þessar skattbreytingar eiga að skila hluta af þeim 11 milljörðum í viðbótartekjur sem forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir.

### Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 223/2010 - Elísabet Þórarinsdóttir og Paros ehf. gegn íslenska ríkinu

*Frumskilyrði fyrir yfirfærslu skattskylds söluhagnaðar sem myndast í einstaklingsrekstri til einkahlutafélags, sem stofnað er um reksturinn, er að um atvinnurekstur sé að ræða.*

Með dómi Hæstaréttar var íslenska ríkið sýknað af kröfum E og P ehf. sem lutu m.a. að ógildingu á úrskurði yfirsattanefndar nr. 41/2008 dags. 19. mars 2008.

Ágreiningurinn í málinu snerist um það hvort heimilt hefði verið að yfirfæra skattskyldan söluhagnað sem myndaðist í einstaklingsrekstri á árinu 2000 til einkahlutafélagsins P sem stofnað var um reksturinn á árinu 2002. Með úrskurði skattstjóra var álagning á E og P ehf. fyrir gjaldárið 2003 tekin upp og gjöld þeirra ákveðin á ný á þeim grunni að fyrrgreindur söluhagnaður var talinn E til skatttekna, en felldur niður hjá P ehf. Yfirsattanefnd staðfesti þessa niðurstöðu og í málinu leituðust þau E og P við að fá úrskurðinum hrundið.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að frumskilyrði fyrir yfirfærslu á skattaréttarlegum skyldum og réttindum einstaklings í atvinnurekstri til einkahlutafélags sem stofnað er um reksturinn, er að um atvinnurekstur sé að ræða. Þetta skilyrði taldi Hæstiréttur ekki uppfyllt í máli þessu, heldur bæri með réttu að fara með umræddan söluhagnað sem tekjur E. Var kröfum E og P ehf. því hafnað og íslenska ríkið sýknað af kröfum þeirra.

### Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-88/2010 - Orkubú Vestfjarða ohf. gegn Varnarmálastofnun

*Varnarmálastofnun sýknuð af kröfum Orkubús Vestfjarða ohf. um ógreiddan virðisaukaskatt, þar sem stofnunin var samkvæmt varnamála-*

*lögum undanþegin greiðslu virðisaukaskatts.*

Ágreiningurinn í málinu snerist um skyldu Varnarmálastofnunar til þess að greiða virðisaukaskatt af raforkureikningum. Málavextir voru þeir að Varnarmálastofnun keypti orku af Orkubúinu sem gerði reikninga til stofnunarinnar, sem greiddi reikningana, en án virðisaukaskatts. Í dómnum kemur fram að á þeim tíma sem kaupin fóru fram voru í gildi varnamálalög nr. 34/2008. Í þeim var kveðið á um undanþágu frá opinberum gjöldum. Þar sem í greinargerð með lögnum hafi komið fram að virðisaukaskattur félli eðli máls samkvæmt undir undanþáguna, þá var Varnarmálastofnun sýknuð af kröfum Orkubús Vestfjarða ohf.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 2010, í máli nr. E-475/2010, Protabú Motormax ehf

*Íslenska ríkið sýknað af kröfu um riftun á greiðslu virðisaukaskatts, þar sem innheimtumaður var talin grandlaus um beiðni um gjaldþrotaskipti.*

Málsatvik voru þau að með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. maí 2009, var bú Motormax ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur var 7. maí sama ár. Motormax ehf. greiddi skattyfirvöldum kröfu vegna virðisaukaskatts þann 8. maí þetta sama ár. Protabú Motormax ehf. krafðist riftunar á þessari greiðslu. Var því haldið fram að innheimtumanninn ríkissjóðs hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að komin var fram krafa um gjaldþrotaskipti þegar greiðslan fór fram og því talið að skilyrði riftunar skv. 139. gr. laga um gjaldþrotaskipti væru uppfyllt. Ákvæðið kveður á um að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar ef greitt er eftir frestdag nema að reglur laganna leiði til þess að skuldin hefði greiðst við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu naut hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hafi fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðsamsamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti.

Vísaði þrotabúið einnig til 141. gr. laganna þar sem kveðið er á um að heimilt sé að rifta greiðslu ef ráðstöfun telst á ótilhlýðilegan hátt kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, hún leiði til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns og ef þrotamaðurinn er ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Að mati dómsins var ekki ráðið af gögnum málsins að innheimtumanni hefði mátt vera ljós staða félagsins eða ógjaldfærni þess þegar greiðslan var innt af hendi. Að auki hafi ekkert komið fram um að innheimtumanni hafi verið kunnugt um gjaldþrotabeidnina, sem kom fram daginn áður en greiðslan var innt af hendi. Var því talið að innheimtumaður hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hefði fram beiðni um gjaldþrotaskipti á félaginu þegar virðisaukaskatturinn var greiddur. Var því íslenska ríkið sýknað af kröfum þrotabús Motormax ehf.

### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

#### Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,  
yfirmaður Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

#### Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur  
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.